

**AUGLÝSING**

um verðhækkunarstuðul fyrir óbæina fyrningu eigna í atvinnurekstri.

Skv. ákvæðum 4. tl. 7. gr. laga nr. 7/1972 um breyting á lögum nr. 68 15. júní 1971 um tekju- og eignarskatt, sbr. lög nr. 60/1973 um breyting á framangreindum lögum, hefur fjármálaráðuneytið í samráði við Hagstofu Íslands ákveðið, að verðhækkunarstuðlar vegna verðbreytinga árið 1973 skuli verða sem hér segir:

1. Verðhækkunarstuðull eigna, sem falla undir 1. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, annarra en fólksflutningabifreiða, er falla undir tollskrárnúmer 87.02.11, 87.02.12 og 87.02.39 verði 10%.
2. Verðhækkunarstuðull fólksbifreiða, er falla undir tollskrárnúmer 87.02.11, 87.02.12 og 87.02.39 verði 0.  
(Hér er um að ræða bifreiðar til fólksflutninga, aðrar en jeppabifreiðar. Bifreiðar þessar taka 16 farþega eða færri, hafa sæti fyrir farþega til viðbótar því, sem er við hlið ökumanns og hafa glugga á hliðum fyrir aftan sæti bifreiðastjóra.)
3. Verðhækkunarstuðull eigna, sem tilgreindar eru í 2. tl. A-liðs 15. gr. laga nr. 68/1971 með áorðnum breytingum, verði 32.5%.

*Fjármálaráðuneytið, 8. janúar 1974.*

**F. h. r.**

**Jón Sigurðsson.**

*Höskuldur Jónsson.*

18. janúar 1974.

Nr. 5.

**AUGLÝSING**

um aðsetur embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum o. fl.

Frá og með 1. febrúar 1974 fellur niður sá háttur mála, sem um ræðir í 1. og 2. gr. laga nr. 3 31. janúar 1973 um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl., að því er varðar aðsetur embættis bæjarfógetans í Vestmannaeyjum í Reykjavík og embættisathafnir, sem undir embættið heyra, ásamt reglum um varnarþing og afsögn víxla.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt 6. gr. laga nr. 3 31. janúar 1973 um bráðabirgðabreyting á dómsmálastjórn í Vestmannaeyjum o. fl.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. janúar 1974.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*